



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar - september 2016

Lagt fram í borgarráði
1. desember 2016

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar-september 2016 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþróttta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþróttta- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkur-borgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 17.549 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 8.466 mkr sem var 9.083 mkr eða 107% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 19.975 mkr betri í ár heldur en hún var á sama tíma í fyrra.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var var jákvæð um 1.042 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 67 mkr. Niðurstaðan var því 975 mkr betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 1.612 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 1.034 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 578 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 3.521 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 4.501 mkr og var niðurstaðan því um 980 mkr betri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 3.929 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 4.108 mkr og niðurstaðan því 179 mkr lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 270 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 75 mkr og var niðurstaðan því 195 mkr betri en áætlað var. Frávikið má skýra með því að tekjur voru yfir áætlun og launakostnaður undir áætlun.

Í skýrslunni er viðauki sem lýsir árangri aðgerðaráætlunar A-hluta.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir janúar til september 2016 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Efnisyfirlit

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar	1
3. Samstæðan	4
3. A-hluti	6
3.1 Fjármagnsliður A-hluta	10
3.1.1 Skulda- og áhættustýring	11
Viðauki 1: Kennitölur	12
Viðauki 2: Fjármálastjórn 2016.....	15

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar

Samstæðan

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 17,5 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 8,5 mkr. Rekstrarniðurstaða sama tímabils 2015 var neikvæð um 2,4 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 14,7 mkr eða rúmum 0,7 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 56,6 mkr eða á pari við áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 4,6 mkr eða á pari við áætlun.

Aðrar tekjur voru 52,1 mkr eða 1,1 mark undir áætlun.

Launakostnaður var 46,8 mkr eða tæpum 0,8 mkr undir áætlun.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar var 4,6 mkr eða 0,8 mkr yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 35,2 mkr og var um 2,1 mkr undir áætlun.

Afskriftir námu 12 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 11,8 mkr. Afskriftir janúar-september 2015 námu 11,3 mkr.

Fjármunatekjur samstæðunnar að frádregnum fjármagnsgjöldum námu 0,1 mkr. Fjármagnsgjöld samstæðunnar á sama tímabili 2015 námu 10,6 mkr. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármunatekna hjá OR sem námu 2,2 mkr og hækkuðu um 10,2 mkr frá sama tíma 2015. Það má einkum rekja til gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum.

Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða nam um 7,3 mkr sem rekja má til hækkunar á gangvirði fasteigna félagsins.

Heildareignir voru 528,4 mkr í lok tímabils en námu í ársbyrjun 525,6 mkr og hækkuðu um 2,8 mkr.

Eigið fé samstæðunnar nam 236,2 mkr í lok tímabils en í byrjun árs var eigið fé samstæðunnar 224 mkr. Þýðingarmunur¹ Orkuveitu Reykjavíkur lækkaði eigið fé samstæðunnar um 6,3 mkr og sérstakt endurmat fastafjármuna hækkaði eigið fé um 0,5 mkr.




Skuldbindingar samstæðunnar námu 37,8 mkr í lok tímabils en voru í byrjun árs 34,4 mkr. Lífeyrisskuldbindingin hækkaði um 3,1 mkr og tekjuskattskuldbinding hækkaði um 0,3 mkr.

Langtímaskuldir samstæðunnar lækkuðu frá áramótum um 12,9 mkr og stóðu í 209 mkr í lok tímabils en voru 219,7 mkr í ársbyrjun. Greidd voru upp langtímalán og leiguskuldir að fjárhæð 14,3 mkr sem var nokkru lægra en áætlað var en áætlun reiknaði með að greiðslur af langtímalánum og leiguskuldu næmu um 16,9 mkr. Lántaka var undir áætlun en tekin voru ný lán fyrir 8,8 mkr en áætlaðar lántökur námu 10,4 mkr. Afborganir langtímalána og leiguskulda sem gjaldfalla á næstu 12 mánuðum nema 16,6 mkr.

Skammtímaskuldir samstæðunnar námu 47,6 mkr en veltufjármunir námu 53,7 mkr og veltufé á móti skammtímaskuldum var 1,1.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 16,6 mkr en áætlað var að fjárfesta fyrir 17,4 mkr á tímabilinu.

Handbært fé samstæðunnar nam 25,6 mkr í árslok og var 3,1 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir.



¹ Þýðingarmunur vegna dótturfélags sem gerir upp í erlendri mynt. Þýðingarmunurinn myndast þar sem fjárhæðum í rekstrarreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins en fjárhæðum í efnahagsreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við dagslokagengi 30.06.2016

A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um rúman 1 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 0,1 mkr.

Skatttekjur A-hluta voru 56,9 mkr eða á pari við áætlun.

Aðrar tekjur voru 12,3 mkr eða 0,4 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður var 38 mkr og 0,2 mkr undir áætlun.





Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 4,5 mkr og var 0,8 mkr yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 26,3 mkr og var 0,9 mkr undir áætlun.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 6,6 mkr og voru 0,6 mkr undir áætlun. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sala byggingaréttar námu 3,1 mkr og voru um 0,4 mkr yfir áætlun.





Helstu ábendingar

- Rekstrargjöld samstæðunnar voru 2 mkr undir áætlun og lækka um 0,3 mkr frá sama tímabili í fyrra.
- Samkvæmt bráðabirgðamati Sambands Íslenskra sveitarfélaga námu tapaðar brúttó útsvarstekjur A-hluta vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislána u.þ.b. 638 mkr vegna tekjuársins 2015. Ætla má að útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálsrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. 1,9 mkr vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar A-hluta var 4,5 mkr eða 0,75 mkr yfir áætlun. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntingum um að lífeyrisskuldbinding hækki alls um 6 mkr á árinu 2016 í stað áætlaðra 5 mkr. Er horft til tveggja meginþátta: Annars vegar er útlit fyrir að launahækkningar reynist meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, sem eykur skuldbindingu borgarsjóðs, og hins vegar að ávöxtun eigna sjóðsins verði lakari en gert var ráð fyrir. Helstu breytingar frá 6 mánaða uppgjöri eru þær að frekari gengislækkningar hafa orðið á hlutabréfamarkaði ásamt því sem útlit er fyrir að verðbólga verði enn lægri en gert var ráð fyrir.
- Veltufé frá rekstri A-hluta var 7,8 mkr sem var 2,3 mkr yfir áætlun. Það skýrist af lægri rekstrargjöldum, auknum tekjum og hærri fjármunatekjum. Veltufé frá rekstri var 10,6% í hlutfalli af tekjum á tímabilinu.
- Arðsemi heildareigna Orkuveitu Reykjavíkur lækkaði úr 4,9% í 4,6% milli ára. Frá árinu 2013 hefur arðsemin minnkað úr 5,9% og er hún undir ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa á markaði og vegnum fjármagnskostnaði (WACC) starfsþátta fyrirtækisins í lok árs 2015. Í eigendastefnu Orkuveitunnar er kveðið á um að arðsemi fyrirtækisins skuli vera í samræmi við áhættuna sem fólgin er í rekstri og fjármögnun þess. Eigendastefnunni þarf að fylgja eftir með skilgreiningu á arðsemismarkmiðum eftir starfsþáttum, að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar starfsþáttanna og lagalegra takmarkana í rekstrarumhverfi þeirra og tryggja þarf að arðsemi fyrirtækisins samræmist þessum markmiðum.
- Óhagstæð þróun í umhverfi Félagsbústaða kallar á hækkun á leiguverði félagsins til að sporna við frekari veikingu veltufjár frá rekstri og frekari lækkun vaxta- og skuldapekju. Lögð hefur verið fram í velferðarráði tillaga um breytingar á leiguverði félagsins þess efnis. Einnig er brýnt að ljúka vinnu við eigendastefnu félagsins þar sem m.a. verði skilgreind stefna um viðhald og fjármögnun félagsins og skilgreindir mælikvarðar á sjálfbærni félagsins sem auðveldi mat á fjárhagsstöðu félagsins og eftirlit með þróun




hennar. Vönduð greiningarvinna á viðhaldi og fjármagnsskipan félagsins er forsenda þess að tryggja megi sjálfbærni í rekstri félagsins þegar horft er til lengri tíma.

- Ástæða er fyrir borgarstjórn að fylgjast náið með þróun efnahagsmála og byggingamarkaðar á næstu misserum og meta hvort vaxandi þensla gefi tilefni til að endurskoða framkvæmdaáætlanir A-hluta og fyrirtækja. Nýsamþykkt lög um opinber fjármál gera ráð fyrir að opinberir aðilar rífi seglin þegar merki eru um uppgang í hagkerfinu og þenji þau í staðinn á samdráttartímum, enda stýður það bæði við efnahagslegan stöðugleika og leiðir til minni framkvæmdakostnaðar þar sem samkeppni um vinnuafli er minni á samdráttartímum. Í tilviki Félagsbústaða hefur framkvæmdakostnaður t.a.m. bein áhrif á það leiguverð sem félagið getur boðið.



3. Samstæðan



Samstæða (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	113.217	114.338	-1.121	-1,0%
Laun og launat..gj.	46.776	47.538	-762	-1,6%
Hækkun nettó lífeyrisskuldb.	4.573	3.810	763	20,0%
Annar rekstrark.	35.189	37.247	-2.057	-5,5%
Afskriftir	12.027	11.807	220	1,9%
Fjármagns.l.	72	-6.703	6.775	-101,1%
Tekjuskattur	-3.464	-1.607	-1.857	115,6%
Matsbr. fjárf.eigna	7.276	2.840	4.436	156,2%
Hludt. í afk. tengdra f.	-986	0	-986	
Rekstrarniðurstaða	17.549	8.466	9.083	107,3%

með breytingum á álverði.

Heildareignir voru 528.359 mkr, þar af í fastafjármunum 474.628 mkr og í veltufjármunum 53.731 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðsreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. nota gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS².

Heildarskuldir voru 292.200 mkr og eigið fé 236.159 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 25.149 mkr samanborið við 18.874 mkr skv. fjárhagsáætlun. Handbært fé frá rekstri nam 25.681 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 17.805 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 1.488 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.463 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 11.899 mkr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 16.570 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum næmu 17.399 mkr. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar námu 3.792 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 2.757 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 4.211 mkr, þar af voru ný langtímalán 8.845 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu 10.414 mkr. Afborganir langtímalána voru 14.284 mkr en áætlaðar afborganir námu 16.898 mkr.


Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 17.549 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 8.466 mkr sem var 9.083 mkr eða 107% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 19.975 mkr betri í ár heldur en hún var á sama tíma í fyrra.

Ef horft er framhjá matsbreytingum fjárfestingareigna var afkoma samstæðunnar jákvæð um 10.273 mkr.

Rekstrartekjur námu 113.217 mkr og voru 1.212 mkr lægri en áætlað var eða 1%. Rekstrartekjur hækkðu um 8.085 mkr frá fyrra ári eða um 7,7%.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 86.539 mkr og voru 2.056 mkr undir áætlun eða 2,3%. Rekstrargjöld lækkuðu um 1.326 mkr milli ára eða 1,5%.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar námu 72 mkr og voru 6.775 mkr undir áætlun eða 101%. Fjármagnsgjöld lækkuðu um 10.700 mkr milli ára eða 101%. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa nettó fjármunatekna hjá OR sem námu 2.241 mkr en fyrir ári síðan voru nettó fjármagnsgjöld 7.972 mkr. Það má einkum rekja til gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum sem í ár var 4,7 mkr tekjufærsla en var á sama tíma á síðasta ári 6,8 mkr gjaldfærsla en þessi liður sveiflast




² International Financial Reporting Standards.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað við 9 mánaða uppgjör síðastliðin 5 ár³.

Samstæða	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	32,1%	36,2%	41,8%	42,0%	44,7%
Arðsemi eigin fjár	2,0%	6,5%	7,7%	-1,5%	10,4%
Veltufjárlutfall	0,83	1,05	1,14	0,96	1,13
Langtímaskuldir/eigið fé	174,0%	143,5%	111,8%	104,7%	87,6%
Uppgreiðslutími	10	9	10	8	7
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	23,5%	23,6%	20,0%	21,2%	22,2%

³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

3. A-hluti



Árshlutareikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs (AS), Eignasjóðs (ES) og Bílastæðasjóðs (BS).

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri A-hluta á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 1.042 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 67 mkr. Niðurstaðan var því 975 mkr betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 1.612 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 1.034 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 578 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Ósamþykktir reikningar A-hluta námu 183 mkr og þar af voru reikningar vegna fjárfestinga 24 mkr.

A-hluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	73.811	73.477	334	0,5%
Laun og launat.gj	38.039	38.266	-227	-0,6%
Breyt. lífeyrissk.b.	4.509	3.760	749	19,9%
Annar rekstrark.	26.280	27.169	-889	-3,3%
Afskriftir	3.371	3.248	123	3,8%
Fjármagnsliðir	-570	-967	397	-41,1%
Rekstrarniðurstaða	1.042	67	975	1457,6%

Rekstrartekjur voru 73.811 mkr eða 334 mkr yfir áætlun. Útsvar var 762 mkr yfir áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs voru 21 mkr yfir áætlun, þjónustutekjur voru 594 mkr yfir áætlun.


Skatttekjur Skatttekjur námu 56.931 mkr og voru 38 mkr undir áætlun. Útsvarstekjur nettó voru 46.536 mkr eða 762 mkr yfir áætlun eða 1,7%. Hækkun útsvarstekna má aðallega rekja til þess eftirá álagt útsvar að frádregnum skattbreytingum, afskriftum og niðurfærslu skatta var um 681 mkr hærra en áætlun

gerði ráð fyrir.

Fasteignaskattar voru 10.395 mkr nettó eða 800 mkr undir áætlun en þar munar mestu um varúðarniðurfærslu að fjárhæð 759 mkr vegna breytingar á fasteignamati fasteignarinnar að Austurbakka 2, þar sem tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa er til húsa. Hæstiréttur ógilti úrskurð yfirfasteignamatsnefndar frá maí 2012 um fasteignamatið. Endurálagning fasteignagjalda hefur ekki farið fram en áhrif breytingarinnar hafa verið metin og færð til lækkunar á fasteignasköttum í árshlutareikningnum.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 4.568 mkr eða 37 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 12.312 mkr og voru 334 mkr yfir áætlun. Aðrar tekjur Aðalsjóðs voru 632 mkr yfir áætlun og tekjur Eignasjóðs voru 4 mkr yfir áætlun og tekjur Bílastæðasjóðs voru 113 mkr⁴ en milliviðskipti voru 260 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.



Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A-hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Útsvar, brúttó	50.946	50.552	394	0,8%
Framlagi Jöfnunarsjóð	-6.440	-6.128	-313	5,1%
Skattbr. niðurfærslur og eftirá álagt útsvar	2.031	1.350	681	50,4%
Útsvar, nettó	46.536	45.775	762	1,7%
Fasteignaskattur	10.274	10.289	-15	-0,2%
Lóðaleiga	880	905	-25	-2,8%
Afskrifaðir fasteignaskattar	-759	0	-759	
Fasteignaskattur, nettó	10.395	11.194	-800	-7,1%
Samtals skatttekjur	56.931	56.969	-38	-0,1%

⁴ Sjá nánar umfjöllun um Aðalsjóð í kafla 1, Eignasjóð í kafla 2 og Bílastæðasjóð í kafla 3 í heftinu Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	1.205	1.278	-73	-5,7%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	4.568	4.604	-37	-0,8%
Þjónustutekjur	6.422	5.567	855	15,4%
Eignatekjur	13.338	13.746	-408	-3,0%
Endurgreiðslur annarra	3.155	3.077	78	2,5%
Aðrar tekjur	4.912	4.918	-6	-0,1%
Söluhagnaður (tap) eigna	1.592	1.443	149	
Milliviðskipti tekin út	-17.107	-16.848	-260	1,5%
Samtals aðrar tekjur	12.312	11.904	408	3,4%
Teikjur alls	73.811	73.477	334	0,5%

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 212 mkr minna en áætlað var en greiðir 313 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn⁵:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Hlud. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	2.818	2.681	137	5,1%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	3.623	3.447	176	5,1%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	6.440	6.128	313	5,1%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	3.363	3.326	36	1,1%
Framlag vegna sérskóla	861	864	-3	-0,3%
Framlag vegna tónlistarskóla	329	352	-23	-6,6%
Annað	16	62	-47	-75,1%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	4.568	4.604	-37	-0,8%

Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	775	930	-155	-16,7%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	283	303	-20	-6,6%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	1.058	1.233	-175	-14,2%

Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
	5.626	5.838	-212	-3,6%

Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
	-814	-290	-525	181,0%

Rekstrargjöld voru án afskrifta 69.014 mkr eða um 181 mkr undir fjárhagsáætlun. Helstu frávik frá rekstrargjöldum í A-hluta má rekja til launa og launatengdra gjalda (227 mkr undir), reksturs gatna og opinna svæða (270 mkr yfir), gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar (750 mkr yfir) og fjárhagsaðstoðar (446 mkr undir).

Launakostnaður nam 38.039 mkr og var 227 mkr undir fjárheimildum eða 0,6%.


Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 4.509 mkr og var 750 mkr yfir fjárheimildum. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntingum um að lífeyrisskuldbinding hækki alls um 6 mkr á árinu 2016 í stað áætlaðra 5 mkr. Er horft til tveggja meginþátta: Annars vegar er útlit fyrir að launahækkningar reynist meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, sem eykur skuldbindingu borgarsjóðs, og hins vegar að ávöxtun eigna sjóðsins verði lakari en gert var ráð fyrir. Helstu breytingar frá 6 mánaða uppgjöri eru þær að frekari gengislækkanir hafa orðið á hlutabréfamarkaði ásamt því sem útlit er fyrir að verðbólga verði enn lægri en gert var ráð fyrir. Vakinn er athygli á því að verði þróun helstu áhrifþátta enn óhagstæðari en hér er gert ráð fyrir getur hækkan lífeyrisskuldbindingar á árinu orðið enn hærra en hér er reiknað með.

Annar rekstrarkostnaður nam 26.280 mkr og var 889 mkr undir fjárheimildum.

Afskriftir námu 3.371 mkr og voru 123 mkr yfir áætlun.

Nettó fjármagnsgjöld voru 570 mkr eða 397 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Stærstu frávikin lágu í tekjum af eignarhlutum í félögum sem voru 150 mkr yfir áætlun.⁶


Heildareignir voru 160.723 mkr, þar af voru fastafjármunir 136.816 mkr og veltufjármunir 23.906 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 85.903 mkr og eigið fé 74.820 mkr.



⁵ Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.

⁶ Nánar er fjallað um fjármagnsgjöld A-hluta í kafla 3.1.

Veltufé frá rekstri nam 7.820 mkr samanborið við áætlað 5.497 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 6.666 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 4.035 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 1.469 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.463 mkr. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 6.646 mkr.



Fjármögnunarhreyfingar námu 695 mkr innstreymi, þar af voru tekin ný langtímalán 2.179 mkr en afborganir langtímalána námu 1.518 mkr. Hækkun á handbæru fé nam 5.439 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 3.255 mkr hækkun, sem rekja má til hærri tekna, lægri rekstrarkostnaðar og hærri fjármagnstekna en áætlun gerði ráð fyrir.

Handbært fé í lok tímabils var 11.036 mkr.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta miðað 9 mánaða uppgjör síðastliðin 3 ár:⁷

A-hluti	2014	2015	2016
Eiginfjárhlutfall	57,7%	50,3%	46,6%
Arðsemi eigin fjár	-0,6%	-12,9%	1,9%
Veltufjárhlutfall	1,40	1,34	1,50
Langtímaskuldir/eigið fé	42,1%	50,1%	54,9%
Uppgreiðslutími	6	6	4
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	7,4%	7,4%	10,6%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Annar rekstrarkostnaður A-hluta stendur í stað milli ára.
- Eftir álagt útsvar að teknu tilliti til skattbreytinga, niðurfærslu og afskrifta útsvarstekna var 781 mkr yfir áætlun. Þó er minnt á að innheimta eftirálagðs útsvars er almennt mun lakari en innheimta staðgreiðslu.
- Fasteignaskattar voru um 800 mkr undir áætlun sem rekja má til varúðarniðurfærslu að fjárhæð 759 mkr vegna fasteignagjalda fasteignarinnar að Austurbakka 2, þar sem tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa er til húsa, í kjölfar ógildingar Hæstaréttar á úrskurði yfirfasteignamatshéttu frá maí 2012 um fasteignamat hússins og nýs fasteignamats þjóðskrár frá 25. október sl.
- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 446 mkr undir áætlun og notendum þjónustunnar fækkar áfram samanborið við sama tímabil á síðasta ári. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 1.773 mkr tímabilið janúar-september 2016 en var 2.225 mkr á sama tíma árið 2015. Kostnaðurinn var því 452 mkr lægri í ár. Notendum fækkaði um 651 milli ára.
- Vakinn er athygli á umfjöllun um aðgerðir í skólamálum á bls. 10 í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Samkvæmt bráðabirgðamati Sambands íslenskra sveitarfélaga námu tapaðar brúttó útsvarstekjur Reykjavíkurborgar vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislaða u.þ.b. 638 mkr vegna tekjuársins 2015. Ætla má að útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálsrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. 1,9 mkr vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar í 6 mánaða uppgjöri A-hluta var 4,5 mkr eða 0,75 mkr yfir áætlun. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntingum um að lífeyrisskuldbinding hækki alls um 6 mkr á árinu 2016 í stað áætlaðra 5 mkr. Er horft til tveggja meginþátta: Annars vegar er útlit fyrir að launahækkanir reynist meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, sem eykur skuldbindingu borgarsjóðs, og hins vegar að ávöxtun eigna sjóðsins verði lakari en gert var ráð fyrir. Helstu breytingar frá 6 mánaða uppgjöri eru þær að frekari gengislækkanir hafa orðið á hlutabréfamarkaði ásamt því sem útlit er fyrir að verðbólga verði enn lægri en gert var ráð fyrir. Vakinn er athygli á því að verði þróun helstu áhrifaþátta enn óhagstæðari en hér er gert ráð fyrir getur hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu orðið í kringum 6-7 mkr eða um 1-2 mkr yfir upphaflegri áætlun.
- Halli á rekstri málaflökks vegna fatlaðs fólks nam 1.467 mkr eða 33% af tekjum vegna málaflökksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tómstundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflökki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er metinn um 4,4 mkr. Endurskoðun á fjármögunun málefna fatlaðs fólks lauk á árinu 2015 og eiga áhrif þess á árinu 2016 væntanlega eftir að draga úr halla á málaflöknum. Mikilvægt er að ljúka samningaviðræðum við ríkið um þá þætti í fjármögnum málefna fatlaðs fólks sem ekki var lokið í endurskoðuninni.

⁷ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 200 mkr yfir fjárheimildum eða 1,6%. Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna launakostnaðar 250 mkr yfir fjárheimildum sem einkum má rekja til 4 sambýla þar sem þjónustuþyngd er veruleg og vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 155 mkr yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengdust málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 188 mkr á fyrrihluta ársins 2016. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum eða að skila honum ella. Ríkisstjórnin samþykkti þann 18. mars 2016 að fela ráðherrum heilbrigðis- og fjármála að ræða við rekstraraðila hjúkrunarheimila um mögulega styrkingu á rekstrargrunni heimilanna.
- Grunnskólahlutinn var 169 mkr yfir fjárheimildum þrátt fyrir aðgerðir í skólamálum, þar af má ætla að 40 mk vegna skólaaksturs jafnist út á síðasta fjórðungi ársins. Það eru hins vegar ennþá 20 gunnskólar með halla á tímabilinu og þar af tveir með yfir 4% halla. Minnt er á Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar (FMS-STE-001) þegar framúrkeyrsla á sér stað tvo ársfjórðunga í röð og þeirra aðgerða sem sviðinu er skylt að grípa til, sbr. grein 3.4.
- Rekstur leikskólahluta var í jafnvægi í heild sinni en þrátt fyrir það voru 16 leikskólar með halla á tímabilinu og 8 þeirra með yfir 4% halla. Minnt er á Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar (FMS-STE-001) þegar framúrkeyrsla á sér stað tvo ársfjórðunga í röð og þeirra aðgerða sem sviðinu er skylt að grípa til, sbr. grein 3.4.

3.1 Fjármagnsliður A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2016 (í mkr)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	172	102	70
Vaxtatekjur af skatttekjum	93	0	93
Aðrar vaxtatekjur	144	0	144
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	576	681	-105
Dráttarvaxtatekjur	90	91	-1
Tekjur af ábyrgðargjaldi	439	494	-55
Arður	345	195	150
Fjármunatekjur samtals	1.859	1.562	297
Vaxta og verðbóttagjöld	-2.224	-2.284	60
Dráttarvaxtagjöld	-1	0	-1
Fjármagnstekjuskattur	-179	-214	35
Lántökukostnaður	-25	-32	7
Fjármagnsgjöld samtals	-2.429	-2.530	101
Samtals	-570	-967	398


Lausafjárstyring Handbært A-hluta í lok september var 11.036 mkr. Hækkun á handbæru fé hefur verið meiri en áætlun gerði ráð fyrir sem einkum má rekja til hærri tekna, lægri rekstrarkostnaðar og hærri fjármunatekna en áætlun gerði ráð fyrir.

Eitt af markmiðum reglna um fjárstyringu hjá Reykjavíkurborg er fjárstyring skal tryggja að Reykjavíkurborg hafi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs, þar með talið ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar. Fjárstyring skal auk þess lágmarka fjármagnskostnað og hámarka ávöxtun lausafjár í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni með virkri lána- og lausafjárstyringu. Fjárstyring borgarinnar hefur gert samninga um yfirdráttarheimildir og peningamarkaðsinnlán við lánastofnanir til þess að dagleg lausafjárstyring sé sem virkust.

Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.

Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í lok september námu 3.618 mkr og nam ávöxtun á fyrstu 9 mánuðum 144 mkr eða 3,17% en ávöxtun safnsins getur sveiflast mikið á milli mánaða.

Markmið um ávöxtun á handbæru fé var 135 mkr á árinu 2016. Myndin hér til hliðar sýnir ávöxtun á handbæru fé (að frádrögnum kostnaði) í samanburði við markmið ársins. Markmiði um ávöxtun er skipt jafnt niður á hvern mánuð ársins. Ávöxtun handbærs fjár á fyrstu níu mánuðum ársins var tæpum 174 mkr yfir markmiðum tímabilsins.



Lán til B-hluta fyrirtækja eru sýnd í meðfylgjandi töflu. Greiðsla afborgana á eigendaláni til OR frá 2011 eru hafnar

Staða á kröfum gagnvart B-hluta (mkr)	30.9.2016	Vextir	Lokagjaldldagi
Eigendalán til OR 2011	8.548	4,25%	2026
Eigendalán til OR 2013	4.049	3,05%	2028
Samtals	12.597		

en ekki á láninu sem veitt var á árinu 2013.

Lánastýring

Reykjavíkurborg getur gefið út skuldabréf í verðtryggðum skuldabréfaflokki RVK

Staða innlendra lána (mkr)	Nafnvextir	Virkir vextir	30.9.2016	31.12.2015	Lokagjaldldagi	Ný lán	Áætlun
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	5%	5%	1.267	1.499	2021		
Skuldabréf útgefin 2009 - RVK 53 1	4,40%	3,86%	24.281	23.250	2053	797	
Skuldabréf útgefin 2012 - RVK 19 1	1,95%	2,12%	1.376	1.573	2019		
Skuldabréf útgefin 2015 - RVKN 35 1	6,72%*	6,68%	2.923	1.658	2035	1.424	
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	3,30%	3,30%	391	513	2019		
Annað			427	511			
Samtals			30.665	29.002		2.221	2.246

*óvertryggðir vextir

53 1 og í óvertryggða skuldabréfaflokknum RVKN 35 1 sem eru báðir skráðir í kauphöll. Viðskiptavakt á eftirmarkaði er á RVK 53 1 og tekin var upp viðskiptavakt á RVKN 35 1 í maí 2016. Að auki er viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn RVK 19 1 (sem er lokaður flokkur). Fjórar fjármálastofnanir annast viðskiptavaktina. Vextir verðtryggðar skuldar borgarinnar voru 3,86% fyrstu 9 mánuði ársins og vextir óvertryggðar skuldar voru 6,68%.

Erlend lántaka borgarsjóðs Öll erlend lán A-hluta hafa verið greidd upp.

3.1.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn hefur verið metinn á um 295 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánaðrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrekt iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall samstæðunnar.

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. Sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga (nr. 502/2012)

Skuldaviðmið er mælt sem hlutfall heildarskulda og skuldbindinga af reglulegum tekjum að teknu tilliti til ákveðinna frádráttarliða sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 502/2012. Í tilviki Reykjavíkurborgar er dregið frá núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar (sbr. skýringu 44 í ársreikningi) og einnig er hreint veltufé dregið frá ef það er jákvætt (veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum).

Með ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum almennt skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B-hluta við 150% af reglulegum tekjum skv. nánari skilgreiningu í reglugerð (nr. 502/2012). Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögnum getur sveitarstjórn ákveðið hvort hún nýtir sér heimild að undanskilja veitu- og orkufyrirtæki þegar kemur til mats á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins skv. 64. gr. á aðlögunartíma sem er 10 ár frá gildistöku laganna.

Borgarráð hefur samþykkt að nýta sér þessa heimild. Við útreikning á skuldaviðmiði í greinargerðinni er því ekki gert ráð fyrir tekjum, skuldum eða skuldbindingum vegna Orkuveitu Reykjavíkur.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Vaxtaþekja (Interest expense coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert herra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf herra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert herra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádregnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því herra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

	A-hluti	Afvaki	Faxafloahafnir	Félagsbustaðir	Malbitunar- stöðin Höfði	Þróta- og sýningahöllin	Jörunður ehtf	Orkuveita Reykjavíkur	Stökkvilið höfuðsv.	Sorpa	Stræto	Samstaða A- og B- hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	75,55%	100,00%	100,00%	100,00%	50,00%	100%	95,53%	60,82%	66,70%	60,30%	-
Rekstrarkjör	73.811	0	2.617	2.452			0	29.921	1.898	2.474	5.529	113.217
Rekstrargjöld	72.199	0	2.059	1.333			1	19.370	1.660	2.245	5.408	98.566
Afskriftir	3.371	0	623	3			0	7.584	62	105	1.277	12.027
Fjármagnslíðir	-570	0	8	-1.269			0	2.241	3	-9	8	72
EBIT	1.612	0	558	1.119			-1	10.551	239	230	121	14.652
EBITDA	4.983	0	1.181	1.122			-1	18.136	301	265	265	26.678
Hagnaður (- tap)	1.042	0	566	7.125	119	-16	-1	9.368	231	221	128	17.549
Fastafjármunir	136.816	2	11.915	61.577	636	2.460	0	273.599	1.986	1.518	1.521	474.628
Veltufjármunir	23.906	9	2.328	163	901	327	1	24.396	582	1.480	1.277	53.731
Heildareignir	160.723	11	14.242	61.741	1.537	2.787	1	297.995	2.568	2.998	2.799	528.359
Skammtímaskuldur	15.913	0	511	1.637	362	76	42	28.825	468	458	926	47.556
Langtímaskuldur	41.098	0	880	31.300	0	2.025	0	142.846	226	277	38	206.815
Skuldbindingar	28.891	0	0	0	41	117	0	8.513	0	268	0	37.829
Heildarskuldur	85.903	0	1.391	32.937	403	2.218	42	180.185	695	1.003	964	292.200
Eigið fé 01.01.2016	73.778	11	12.595	21.678	1.034	585	-40	114.771	1.642	1.775	1.706	224.007
Eigið fé 30.09.2016	74.820	11	12.851	28.804	1.134	569	-41	117.810	1.874	1.996	1.835	236.159
Skuldir og eigið fé	160.723	11	14.242	61.741	1.537	2.787	1	297.995	2.568	2.998	2.799	528.359
Handbært fé frá rekstri	6.666	0	1.047	268	-22	-12	7	17.305	119	165	383	25.681
Fjárfestingahreyfingar	-1.923	0	-791	-528	-92	-7	0	-7.690	-22	-111	-68	-11.899
Ný langtímalán	2.179	0	0	2.347	0	0	0	4.343	0	0	0	8.845
Greiddar afborganir	-1.518	0	-18	-414	0	-24	0	-12.681	-10	-41	-90	-14.284
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-310	0	-19	0	0	0	0	0	0	-76
Staða á handbæru fé 30.09.2016	11.036	0	1.664	7	24	273	1	9.271	521	903	740	25.612
Veltufé frá rekstri	7.820	0	1.190	368	176	88	-1	14.853	308	327	275	25.149
Eiginfjárlutfall	46,6%	90,2%	46,7%	73,8%	20,4%	39,5%	73,0%	66,6%	65,6%	66,6%	65,6%	44,7%
Arðsemi eigin fjár	1,9%	6,0%	43,8%	15,4%	-3,6%	11,3%	18,8%	16,6%	10,0%	16,6%	10,0%	10,4%
Veltufjárlutfall	1,50	4,55	0,10	2,49	4,29	0,85	1,24	3,23	1,38	3,23	1,38	1,13
Skuldsctningarlutfall	54,9%	6,8%	108,7%	0,0%	355,7%	128,5%	12,1%	13,9%	87,6%	13,9%	2,1%	87,6%
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir			1,48			4,42						
Vaxtabekja, EBITDA/netto vextir			0,96			7,60						
Skuldbekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)						0,70						
Skuldbekja, EBITDA/(gr. afb.-netto vextir)						1,20						
Uppgreiðutími	4,14	0,62	64,90	0,00	17,57	9,10	0,58	0,80	6,66	0,80	0,38	6,66
Framleggð/rekstrarkjör	10,6%	45,5%	15,0%	16,2%	13,2%	5,0%	2,2%	2,2%	5,0%	2,2%	2,2%	0,24

Skýringar

Eiginfjárlutfall Eigið fé á móti heil darfjármagn. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapþol).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárlutfall Veltufjármunir á móti eigið fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsctningu fyrirtækis.

Skuldsctningarlutfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsctningu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm. Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtabekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skuldbekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborgunum og vaxtagreiðslum

Skuldbekja, EBITDA/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnslíði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðutími Langtímaskuldur á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Fjármálastjórn 2016

Hér að neðan er listi í tímaröð yfir mikilvægar fjárhagsákvæðanir borgarráðs og borgarstjórnar á fyrstu 9 mánuðum ársins 2016

1. Tillaga að endurskoðun viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 21.1.2016.
2. Tillaga um samþykkt á samkomulagi við Vogabyggð ehf, Hömlur ehf og Gámakó ehf um skipulag, uppbyggingu og þróun á lóðum fyrirtækjanna á svæði 2 í Vogabyggð í borgarráði 28.1.2016
3. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna hagræðingaraðgerða 2016 samþykkt í borgarstjórn 2.2.2016
4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga Eflingar, Starfsmannafélags Rvk, Samiðnar/Rafiðn, Verkstjórásambands, Leikskólakennara og stjórnenda í leikskólum samþykkt í borgarstjórn 2.2.2016
5. Tillaga um 240 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði RVKN 53 1 samþykkt í borgarráði 11.2.2016
6. Tillaga að breytingu á samþykkt nr. 725/2007 um gatnagerðargjald varðandi heimild til að lána gatnagerðargjöld samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
7. Tillaga um lágmarksverð á byggingarrétti á Úlfarsárdal og Reynisvatnsási samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
8. Tillaga um breytingu á greiðslukjörum lögaðila við kaup á byggingarrétti á lóðum fyrir íbúðarhús samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
9. Tillaga um breytingu á greiðsluskilmálum við sölu atvinnulóða samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
10. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga við Skólalastjórufélag Íslands, BHM félag, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands og vegna kjaranefndar og borgarfulltrúa samþykkt í borgarstjórn 1.3.2016
11. Tillaga um 290 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði RVKN 53 1 samþykkt í borgarráði 10.3.2016
12. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna aukaframlags til tónlistarskóla samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
13. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga tækni-, verk- og tölvunarfræðinga samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
14. Tillaga um veðheimild Félagsbústaða í útsvarstekjum borgarsjóðs vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
15. Tillaga um endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda hjá LsRb samþykkt í borgarráði 18.3.2016
16. Tillaga um samkomulag, milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Háskóla Íslands og Vísindagarða Háskóla Íslands hins vegar, um úthlutun lóða á háskólasvæðinu undir stúdentaíbúðir. Samkomulagið tekur jafnframt til lóðar Reykjavíkurborgar að Eggertsgötu 35 og ráðstöfun hennar í framtíðinni samþykkt í borgarráði 18.3.2016
17. Tillaga um endurskoðun á fjárfestingaráætlun vegna Varmahlíðar 1 samþykkt í borgarstjórn 5.4.2016
18. Tillaga um ábyrgðargjald OR 2016 samþykkt í borgarráði 7.4.2016
19. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamnings FÍH, leikskólakennara vegna einkarek. leikskóla og kjaranefndar samþykkt í borgarstjórn 19.4.2016
20. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjaraákvæðana, starfsmats, Vinnuskóla, tilfærslu verkefna ofl. samþykkt í borgarstjórn 3.5.2016
21. Tillaga um að samþykkja 1.200 mkr tilboð á kröfunni 6,42 í skuldabréfaflokk RVKN 35 1 samþykkt í borgarráði 28.4.2016
22. Tillaga um gjaldskrá og endurskoðun reglna um bílastæði samþykkt í borgarstjórn 3.5.2016
23. Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2015 samþykktur í borgarstjórn 3.5.2016
24. Tillaga um reglur um innritanir nemenda samþykktar í borgarstjórn 17.5.2016
25. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands samþykkt í borgarstjórn 17.5.2016
26. Tillaga að rammaúthlutun 2017 vegna fjárhagsáætlunar 2017 samþykkt í borgarráði 26.5.2016
27. Tillaga um aðalmiðlarasamningar í tengslum við skuldabréfaútgáfu samþykkt í borgarráði 26.5.2016
28. Tillaga að endurskoðun styrkjareglna samþykkt í borgarráði 26.5.2016
29. Þriggja mánaða uppgjör A-hluta jan-mars 2016 staðfest í borgarráði 2.6.2016
30. Tillaga að reglum vegna úthlutunar fjármagns vegna stuðnings við börn á leikskólum samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
31. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna 5 ára barna í Landakostskóla samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
32. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga þroskaþjálfra og hjúkrunarfræðinga samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016

33. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna samnings við Leikfélag Reykjavíkur samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
34. Tillaga um 260 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði í skuldabréfaflokk RVKN 35 1 samþykkt í borgarráði 9.6.2016
35. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna fjárhagsstöðu tónlistarskólanna samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 9.6.2016
36. Tillaga að endurskoðuðum viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 9.6.2016
37. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag til tónlistarskóla vegna veikinda starfsmanna samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 16.6.2016
38. Tillaga um stækkun skuldabréfaflokks vegna viðskiptavaka samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 16.6.2016
39. Tillaga að viðauka um breytingar á fjárfestingaráætlun eignasjóðs (tilfærslur) samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 16.6.2016
40. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna landakaupa í Skerjafirði samþykkt í borgarstjórn 21.6.2016
41. Tillaga um viðauka vegna hækkunar rekstrarkostnaðar þjónustumiðstöðvar Laugardals/Háaleitis) samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 23.6.2016.
42. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag til tónlistarskóla vegna veikinda starfsmanna samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 30.6.2016
43. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag vegna húsnæðiskostnaðar til Leikskólans Ós samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 7.7.2016
44. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag vegna aukningar á vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk samþykkt í borgarráði f.h. borgarstjórnar 21.7.2016
45. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna endurskoðunar fjárfestingaráætlunar samþykkt í borgarráði 18.8.2016
46. Lagt fram sex mánaða uppgjör A-hluta og samstæðu jan – júní 2016 og staðfest af borgarráði 25.8.2016
47. Tillaga um að fara í útboð á fjármálþjónustu vegna fruminnheimtu til næstu fimm ára frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2021 samþykkt í borgarráði 25.8.2016
48. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 a) vegna kjarabreytinga borgarfulltrúa og nefnda og kjarnanefndarhóps, b) vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga á þriðja aðila vegna beingreiðslusamninga á velferðarsviði, c) vegna samnings við ÁS styrktarfélag, d) vegna framlaga JS til tónlistarskóla sept-des 2016, og e) vegna hugbúnaðar fyrir stjórnendaupplýsingar samþykkt í borgarstjórn 6.9.2016
49. Tillaga um heimild til útboðs á fruminnheimtu borgarsjóðs samþykkt í borgarráði 8.9.2016
50. Tillaga um viðbótarfjárveitingu vegna færanlegrar kennslustofu fyrir starfsemi frístundaheimilisins Sólbúa við Breiðagerðisskóla. Borgarráð 15.9.2016.
51. Tillaga að reglum Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga samþykkt í borgarráði 15.9.2016
52. Tillaga að aðgerðaáætlun í skólamálum samþykkt í borgarráði 15.9.2016
53. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2016 vegna breytinga á útsvarstekjum og aðgerða í skólamálum samþykktur í borgarstjórn 20.9.2016
54. Tillaga um hækkun á fæðisgjaldi í grunnskólum og leikskólum um 100 kr. á dag samþykkt í borgarstjórn 20.9.2016
55. Tillaga að reglum um stofnframlög vegna uppbyggingar félagslegra leiguíbúða í Reykjavík samþykkt í borgarráði 29.9.2016